

Skýrsla fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd byrjaði á því að fara yfir lög og reglur Lh kafla 1.5 Fjármál. Þar kemur fram að „Gjöld LH afmarkist af fjárhagsáætlun og samþykktum stjórnar“. Nefndin hafði þá reglugerð til hliðstjórnar við sín störf. Tillaga um fjárhagsáætlun árin 2009 og 2010 lá fyrir frá gjaldkera LH.

Nefndin samþykkti fjárhagsáætlun fyrir árin 2009 og 2010 samkvæmt þingskjali nr. 35.

Umræða var um árgjöld sambandsfélaga, hvort líkur væru á að félagafækkun í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu í dag. Ekki þótti ástæða að áætla það. Næst var fjallað um tekjur og kostnað vegna móta, þótti nefndinni forsenda fyrir að mótahald ætti að standa undir sér því var ákveðið að mótahald skilaði hagnaði. Umræða var einnig um að launakostnaður væri ekki áætlaður hærrí en árgjöld. Nefndin var sammála gjaldkera um að áætla framlög og styrki heldur lægri en undanfarin ár. Annar kostnaður var sundurliðaður og þær breytingar gerðar að rekstur skrifstofu var lækkaður og kynning, fræðsla og útbreiðsla var aukinn. Fjármagnsliðir voru áætlaðir m.v. 5-10% ávöxtun m.v. innstæður á bankareikningum í dag.

Nefndin var sammála um að beina eftirfarandi atriðum til stjórnar LH.

1. Með þingskjölum fylgi samanburður á rauntölum ársreikninga og samþykktum fjárhagsáætlunum og gjaldkeri geri grein fyrir verulegum frávikum.
2. Að fylgja því eftir að Landsmót ehf. greiði til áningahólfasjóðs í samræmi við reglur þar um og að LH úthluti úr sjóðnum eftir þeim reglum sem í gildi eru.

Í fjárhagsnefnd störfuðu:

Ólöf Guðmundsdóttir, formaður

Þorsteinn Ragnarsson,

Guðjón Gunnarsson

Björn Bjarnason

Erlingur Guðmundsson

Þórður Ingólfsson

Stefán Pálsson